



# Yfirlýsing vegna helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti

Janúar 2024

## Samantekt

Yfirlýsingu þessari er ætlað að lýsa því hvernig eignastýring Arion banka (þ.e. eignastýring fagfjárfesta og einkabankþjónusta, hér eftir „Eignastýring“ eða „Eignastýring Arion banka“) vinnur að innleiðingu verkferla í tengslum við mat á helstu neikvæðu áhrifum fjárfestingarákvarðana bankans á sjálfbærniþætti. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Arion banka er skylt, skv. 3. mgr. 4. gr. SFDR, að birta á vefsíðum sínum uppfærðar upplýsingar um hvernig tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana bankans á sjálfbærniþætti.

## Greining og forgangsröðun neikvæðra áhrifa

Eignastýring Arion banka vinnur að innleiðingu verkferla í fjárfestingarákvarðanaferli sem meta helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana. Innan bankans er unnið að því að meta hvernig staðið skuli að söfnun og vöktun gagna í þeim tilgangi að greina og forgangsráða helstu neikvæðu áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á einingastigi (e. entity level) með sem bestum hætti. Eignastýring Arion banka vinnur að innleiðingu verklags í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1288, sem þó hafa ekki verið innleiddir í íslensk lög við útgáfu þessarar yfirlýsingar. Eignastýring Arion banka mun horfa til og birta 18 lykilmála sem skiptast annars vegar í umhverfisþætti og hins vegar í félagslega þætti. Að auki mun Arion horfa til og birta viðbótarvísi um umhverfisþætti og annan um félagslega þætti, úr hópi svokallaðra viðbótarvísa í samræmi við áður nefnda tæknilega eftirlitsstaðla.

## Alþjóðlegir staðlar og reglur um ábyrga viðskiptahætti

Arion banki fylgir ýmsum reglum um ábyrga viðskiptahætti fyrirtækja og alþjóðlega viðurkenndum stöðlum í tengslum við neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Bankinn er meðal annars aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN PRB), meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og UN Global sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Útgáfa 1.0

30.01.2024